

2. janúar 2002

3

Nr. 2

janúar 2002 og gildir til og með 31. desember 2002. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 788/2001 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 439/2001 um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 2. janúar 2002.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Sigríður Norðmann.*

2. janúar 2002

Nr. 3

## AUGLÝSING

### **fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2002.**

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 31. júlí 2002 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2002.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 15. gr. laga nr. 149/2000, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. janúar 2002.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

2. janúar 2002

Nr. 4

## REGLUGERÐ

### **um breyting á reglugerð nr. 970, 24. desember 2001, um sérstakar ráðstafanir vegna krókabáta.**

1. gr.

Í stað: „15. janúar“ í 5. gr. komi: 1. febrúar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. janúar 2002.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Jón B. Jónasson.*